



# Ársskýrsla

## Skíðafélags Ísfirðinga 2023



## Ársskýrsla Skíðafélags Ísfirðinga 2023

Ný stjórn var kosin á aðalfundi þann 16. maí 2023. Tók stjórnin strax til starfa og var fyrsti stjórnarfundur nýrrar stjórnar haldinn þann 23. maí 2023. Samtals hélt ný stjórn 5 fundi á árinu.

Úr stjórn gengu þau Helgi Karl Guðmundsson, Heiðar Birnir Torleifsson, Martha Kristín Pálmadóttir og Sif Huld Albertsdóttir.

Óhætt er að segja að núverandi stjórn hafi tekið við félaginu á erfiðum stað. Lítið var til af upplýsingum og fjárhagur slæmur. Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar var að fara í það að ná utan um þau gögn sem til voru hjá félaginu. Settur var upp Trello aðgangur þar sem listuð voru upp öll þau verkefni sem viðkemur rekstri félagsins og þau tímasett. Þá var sett upp office ský þar sem öll gögn eru vistuð undir netfangi félagsins og lögð áhersla á að engin gögn séu vistuð á einkadrifi stjórnarmanna. Að lokum var netfang SFÍ virkjað og er nú notað í öllum okkar samskiptum en ekki einkanetföng. Þá höfum við lagt áherslu á að halda heimasíðunni okkar lifandi með nýjustu upplýsingum og fréttum. Allt er þetta gert í þeim tilgangi að upplýsingar og þekking haldist innan félagsins.

Þá var það strax markmið nýrrar stjórnar að endurvekja félagið og starfsemi þess og blása til sóknar. Ritstjórn skíðablaðsins var endurvakin og vinna við að verða aftur að fyrirmyndarfélagi ÍSÍ fór í gang og er enn í gangi. Liður í því verkefni er að vinna nokkurs konar gæðahandbók fyrir félagið sem komandi stjórnir, þjálfarar, iðkendur og félagsmenn geta haft að leiðarljósi í starfi félagsins.

Þá höfum við lagt mikla áherslu á að virkja þann frábæra félagsanda sem einkennt hefur SFÍ og hefur verið virkilega gaman og gefandi að sjá hversu öflug við getum verið saman.

Á haustmánuðum var ákveðið að einfalda innheimtu æfingagjalda og samræma æfingagjöld og er foreldrum nú gert kleyft að skipta greiðslum í gegnum sportablar og borga mánaðarlega í stað þess að fá háa greiðsluseðla í lok annar. Hefur þetta reynst vel. Haustið 2023 auglýstum við líka eftir alpa þjálfurum til að stoðar Rannveigu auk þess sem auglýst var eftir brettaþjálfurum en það er mikill vilji að endurvekja brettadeildina okkar. Þökk sé öllum þeim erlendum háskólanemum sem búa á Ísafirði gekk vel að ráða þjálfara.

Fulltrúar úr SFÍ sóttu Skíðaping í á Sauðárkróki í lok október 2023 og var Hlynur Kristinnsson frá SFÍ kostinn í göngunefnd. Á skíðapingi bauðst SFÍ til að halda Skíðaping Íslands árið 2024 á 90 ára afmælisári SFÍ og var það samþykkt. Það verður haldið dagana 20-22. september og sömu helgi verður haldin afmælishátíð félagsins.

Hluti stjórnar SFÍ hefur fundað með Foreldrafélagi Skíðabarna varðandi Skíðaskálann í Tungudal. Farið var yfir fyrirkomulag á leigu skálans og skiptingu leigutekna af skálanum. Okkur langar að byrja á að þakka þeim Þórunni Páls, Siggu Láru og Sigga Ella fyrir starfið þeirra í kringum skálann, viðhaldi, þrifum, umsjón og fleira. Fyrirkomulag og eignarhald á skíðaskálanum er þanni að kjallari skálans í eigu Ísafjarðarbæjar (skíðasvæðisins) og efri hæðir í eigu foreldrafélagsins. Bærinn leigir aðstöðuna af foreldrafélaginu yfir vetrartímann en þær tekjur renna til Foreldrafélagsins og fer í að mestu í viðhald hússins. Utan þess tíma hefur skálinn verið leigður út til veisluhalds og í gistingu. Tekjur sem af því hljótask renna beint til Skíðafélagsins og er mikilvæg tekjulind fyrir SFÍ. Það er töluverð vinna að halda utan um sumarleiguna og það var rætt á fundi SFÍ og foreldrafélagsins að skíðafélagið og foreldrar myndu koma meira inn í þá vinnu.

Samstarfið milli SFÍ og foreldrafélagsins er gott og mikilvægt að halda samtalinu gangandi. Það má nefna að foreldrafélagið vill styrkja og við fengum núna í vetur styrk frá þeim til að endurnýja hugbúnað við tímatökubúnaðinn alpagreinamegin.

## Stjórn SFÍ kosin á aðalfundi þann 16. maí 2023

Elena Dís Víðisdóttir - Formaður

Ásgerður Þorleifsdóttir - Gjaldkeri

Jóna Dagbjört Pétursdóttir - Varaformaður

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir - Ritari

Jóhanna Fylkisdóttir - Meðstjórnandi

### **Varamenn í stjórn**

Ingibjörg Heba Halldórsdóttir

Vignir Örn Pálsson

Netfang félagsins: [snjor@snjor.is](mailto:snjor@snjor.is)

Heimasíða félagsins [www.snjor.is](http://www.snjor.is)

Símanúmer formanns 845-6568

## Starfsemi ársins

### Þjálfarar

**Lilli Marie Myhre Ofstad** var yfirþjálfari skíðagöngu og sá hún um þjálfun elsta hópsins, 12 ára og eldri. Lilli hætti störfum á vormánuðum og Snorri Einarsson var ráðinn yfirþjálfari Skíðagöngu. Hann sá um þjálfun 12 ára og eldri yfir sumarið með útihlaupum, hjólaskíðum og styrktaræfingum. Yfir vetrartímam eru 5-6 æfingar á viku en á sumrin og haustin eru æfingar 4 sinnum í viku hjá krökkum 12 ára og eldri.

**Hildur Karen Jónsdóttir** þjálfaði 10 til 11 ára krakka í skíðagöngu frá janúar fram í apríl. Gunnar Bjarni Guðmundsson tók svo við þessum aldursflokki haustið 2023 með hlaupa og styrktaræfingum þrisvar í viku.

**Jóna Lind Kristjánsdóttir** var yfirþjálfari HSV en henni til aðstoðar var Unnur Guðfinna Daníelsdóttir.

**Rannveig Hjaltadóttir** er yfirþjálfari alpagreina og sér um þjálfun krakka 10 ára og eldri. Æft var 4 sinnum í viku.

**Regína Sif Rúnarsdóttir** sá um þjálfun alpagreina í 5.-6. bekk. Æft var 3 sinnum í viku.

**Davíð Hjaltason og Sigmar Breki Sigurðsson** sáu um þjálfun 1.-4. bekk auk dyggrar aðstoðar frá Rannveigu og foreldrum skíðabarna. Æft var 2 sinnum í viku í tveimur hópum.

**Rannveig Hjaltadóttir** leiddi styrktar- og þrekæfingar fyrir iðkendur alpagreina í 5. bekk og eldri haustið 2023. Æft var 2-3 sinnum í viku eftir aldri.

### Mótamál

Bikarmót í Skíðagöngu 12 ára og eldri Akureyri í janúar.

Bikarmót í Skíðagöngu 12 ára og eldri Akureyri í mars.

Bikarmót í Skíðagöngu 12 ára og eldri Akureyri í desember.

Bikarmót Alpagreina 12-15 ára Dalvík 17.-19. mars. SFÍ fór með 3 keppendur.

Unglingameistaramót Íslands í alpagreinum var haldið í Bláfjöllum dagana 24.-26. mars. Þar átti SFÍ 4 keppendur.

Skíðamót Íslands í Bláfjöllum 23.-26. mars.

Haldið var eitt bikarmót í Skíðagöngu á Seljalandsdal.

Andrésar andarleikarnir voru haldnir dagana 26.-29. apríl. SFÍ átti 50 keppendur skráða til leiks í skíðagöngu, alpagreinum og á snjóþremmum. Þess má geta að við áttum keppendur á verðlaunapalli í öllum greinum.

Jónsmót var haldið á Dalvík daga 3.-5. mars. SFÍ átti þar 6 keppendur.



## Iðkendatal

### Alpagreinar

Í flokknum 12 ára og eldri voru skráðir 6 iðkendur. Elsti iðkandinn 16 ára. Í flokknum 10 – 11 ára voru 9 iðkendur og í flokknum 6-9 ára voru 33 iðkendur.

### Bretti

0 (engar skipulagðar æfingar 2023)

### Skíðaganga

Í flokknum 12 ára og eldri voru skráðir 12 iðkendur, af þeim voru tveir 18 ára og eldri. Í flokknum 10 – 11 ára voru 12 iðkendur og í flokknum 6-9 ára voru 40 iðkendur.

## Þátttaka í afreksstarfi og mót erlendis

**Ástmar Helgi Kristinsson, Grétar Smári Samúelsson og Sveinbjörn Orri Heimisson** voru í Beitostolen í Noregi yfir áramótin í hæfileikamótun á vegum Skíðasambands Íslands. Grétar og Ástmar kepptu fyrir Íslands hönd á EYOF eða Ólympíuhátíð æskunnar á Ítalíu í janúar. Grétar og Ástmar fóru til Voss í Noregi í febrúar og kepptu þar ásamt fleiri krökkum frá SKA og Ulli í norsku bikarmótaröðinni (Norges cup). Samæfing með landsliðinu var haldin á Akureyri og Grétar og Ástmar fóru þangað og einnig var hæfileikamótun fyrir yngri sem Eypór Freyr Árnason tók þátt í. Samæfing var svo haldin á Ísafirði í september fyrir krakka fædda 2009-2007 og tókst vel til.

Grétari var boðið á samæfingu með landsliðinu til Frakklands í júlí. Grétar og Ástmar fóru til Planica í Slóveníu í október í æfingaferð landsliða. Ástmar fór til Galá í Noregi í keppnisferð í desember. Eypór Freyr fór svo til Noregs í hæfileikamótun SKÍ í nóvember.

**Dagur Benediktsson** var í A-landsliði Skíðasambands Íslands. Hann tók þátt í fjórum landsliðsæfingabúðum. Á Akureyri, í maí, í Frakklandi í júlí, á Ísafirði í september og Slóveníu í október. Þá tók hann þátt á heimsmeistaramótinu í Slóveníu í febrúar og að auki tók hann þátt í móti í Finnlandi í nóvember með íslenska landsliðinu.

**Albert Jónsson** tók þátt í HM í Slóveníu í febrúar en lagði skíðaskóna á hilluna í lok vetrar 2023. Albert á að baki farsælan skíðaferil og við hjá SFÍ viljum þakka honum fyrir allt.

Dagana 7. - 17. október 2023 var hæfileikamótun alpagreina á vegum Skíðasambands Íslands, SKÍ. Farið var til Hintertux í Austurríki. Þar voru þær **Bríet Emma** og **Katrín Fjóla** fulltrúar SFÍ.

## Félagsstarf

Haldinn var foreldrafundur þann 21. mars þar sem farið var yfir verkefni vetrarins, þá helst Andrésar Andarleikanna og Skíðaviku.

Lokahóf SFÍ var haldið í lok maí í Grunnskólanum á Ísafirði þar sem farið var í ratleik, grillaðar pylsur og veittar viðurkenningar fyrir árangur og framfarir vetrarins.

Skíðavikan 2023 var haldin í samstarfi við Ísafjarðarbæ og vel tókst til þrátt fyrir breytingar vegna snjóleysis. Á setningu Skíðavikunnar stóð SFÍ fyrir sölu á heitu kakói og heimabökuðum pönnsum og öðru bakkelsi sem bæjarbúar og gestir tóku vel í. Sprettganga Skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar fór fram eins og venja er í Hafnarstræti með fjölda þátttakenda á öllum aldri.

Á Skírdag var haldin Skíðaskotfimi á Seljalandsdal í samvinnu við Skotveiðifélag Ísafjarðar og var þátttaka góð. Barnalyftan var opin í Tungudal og fjöldi fólks nýtti tækifærið að komast á skíði.

Dagskrá föstudagsins langa þurfti að fresta dagskrá í Tungudal vegna snjóleysis, þá var furðufatadegi, karamelluregni og Páskaeggjamóti HG slegið saman í eitt með flottri dagskrá á Seljalandsdal á laugardag. Fólk lét það ekki stoppa sig að mæta með svigskíðin, snjóbrettin og Stiga sleðanna uppá Seljalandsdal til að komast eina eða tvær bunur í ævintýrabraut páskaeggjamótsins. SFÍ grillaði pylsur og bauð uppá lifandi tónlist og stemningin var góð.

Við þökkum öllum foreldrum og iðkendum sem hjálpuðu okkur við Skíðavíkuna, HG fyrir páskaeggjin og síðast en ekki síst starfsfólki Skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar fyrir frábæra samvinnu.

## Lög félagsins

Lögum félagsins var breytt á aðalfundi árið 2022. Löggin voru hins vegar ekki staðfest af HSV og ÍSÍ og eru til endurskoðunar fyrir aðalfund 2023. Hér má sjá löggin sem samþykkt voru á aðalfundi árið 2022.

### LÖG

1. gr. Nafn félagsins er Skíðafélag Ísfirðinga.
2. gr. Hlutverk félagsins er að vinna að eflingu skíðaíþróttarinnar, einkum í Ísafjarðarbæ og nágrenni. 3.gr. Þessum tilgangi hyggst félagið ná meðal annars með því að hvetja sem flesta til þátttöku, gangast fyrir mótum og stuðla að árangri afreksfólks í skíðaíþróttinni ásamt því að útbreiða þekkingu á henni eins og verða má í Ísafjarðarbæ og nágrenni.
4. gr. Félagsmenn teljast þeir sem stunda æfingar með félaginu, þeir sem eru í stjórn félagsins eða gegna öðrum trúnaðarstörfum innan félagsins. Einnig teljast þeir félagsmenn sem greiða félagsgjald fyrir yfirstandandi ár. Aðalfundur ákveður ár hvert félagsgjald, eftir tillögu stjórnar. Þjóða skal upp á fjölskylduárgjöld þar sem allir meðlimir sömu fjölskyldu eru skráðir félagar. Heiðursfélaga má kjósa á aðalfundi, ef fram kemur um það skrifleg tillaga og sé hún samþykkt með 2/3 atkvæða fundarmanna. Aðeins þeir einstaklingar, sem unnið hafa félaginu mikið gagn eða styrkt það rausnarlega, geta orðið heiðursfélagar. Heiðursfélagar eru gjaldfrjálsir, en njóta fullra félagsréttinda.
5. gr. Rétt til setu á fundum félagsins hafa allir félagsmenn sem greitt hafa árgjald eða æfingargjöld á yfirstandandi ári.
6. gr. Allir félagsmenn verða að virða lög og samþykktir félagsins. Brjóti einhver félagsmaður lög félagsins, eða vinnur gegn félaginu eða komi þannig fram að því sé vansæmd að, getur stjórnin vikið honum úr félaginu. Heimilt er að víkja félögum úr félaginu ef þeir hafa skuldað árgjöld fyrir meira en eitt ár, og ekki greitt skuld sína þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Viðkomandi getur ekki fengið upptöku í félagið fyrr en skuld hans er greidd og öðrum skilyrðum verið fullnægt. Viðkomandi getur skotið máli sínu til aðalfundar sem hefur æðsta úrskurðarvald.
7. gr. Greiðsla félagsgjalda skal fara fram fyrir maímánuð ár hvert og skal upphæð þeirra ákveðin á félagsfundi.

8. gr. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningum skal lokað 7 dögum fyrir aðalfund og þeim skilað til endurskoðenda félagsins.
9. gr. Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir 1. júní. Til aðalfundar skal boða með tryggum hætti og með minnst 10 daga fyrirvara. Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi nema við lagabreytingar. (sjá 11 gr.) Á aðalfundi skal kjósa í stjórn fjóra einstaklinga, formann skal kjósa sérstaklega, einnig skal kjósa tvo einstaklinga í varastjórn, tvo endurskoðenda og einn til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum. Sérgreinanefndir eru kosnar á aðalfundi. Stjórn getur skipað starfsnefndir hverju sinni og getur stjórn haft val um hvaða nefndir það eru og hversu margir eru í hverri nefnd.
- Sérgreinanefndir
- Alpagreinaneftnd
  - Brettaneftnd
  - Skíðagönguneftnd
10. gr. Dagskrá aðalfundar skal vera:
1. Skýrsla stjórnar
  2. Stjórn leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
  3. Umræður um skýrslu og reikninga.
  4. Lagabreytingar
  5. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár
  6. Önnur mál
11. gr. Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundum félagsins.
- Tillögum til lagabreytinga skal skila fjórtán dögum fyrir aðalfund til stjórnar og skal stjórn í fundarboði geta þess ef lagabreytingatillaga hefur komið fram. Nái lagabreytingatillaga samþykki 2/3 hluta fundarmanna telst hún samþykkt.
12. gr. Stjórn er kjörin til eins árs í senn.
13. gr. Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún tekur ákvarðanir um starfsemi og er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum félagsins. Stjórninni er heimilt að veðsetja eignir félagsins og taka lán fyrir þess hönd. Slíkir gjörningar eru gildir, séu þeir undirritaðir af stjórninni. Hún skal sjá um samskipti við sérsambönd, bandalög og bæjaryfirvöld. Hafa eftirlit á störfum nefnda og ganga frá ráðningu á starfsmönnum félagsins.

Samþykkt á aðalfundi þann 2.5 maí 2022.

**Stjórn SFÍ**